

**Niðurstaða**  
**eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar**  
**Íslandspóstshf. og Samkeppniseftirlitsins**  
**samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017**

---

MÁL NR. 1/2018

Þann 4. mars 2019 komst eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar Íslandspóstshf. („ÍP“) og Samkeppniseftirlitsins samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 („nefndin“) að eftirfarandi niðurstöðu í tilefni af kvörtun Félags atvinnurekenda („kvartandi“), dags. 12. október 2018, varðandi lánveitingu ÍP til dótturfélagsins síns, ePóstshf., kt. 571212-0130 („ePóstshf.“). Málið hefur fengið málsnúmerið 1/2018 hjá nefndinni.

### I. Kvörtun og meðferð máls

#### Almennt um kvörtun og athugasemdir aðila

Þann 12. október 2018 sendi kvartandi erindi til nefndarinnar þar sem vísað er til greinar 9.2 í sátt Samkeppniseftirlitsins og ÍP, sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 byggði á. Í þeirri grein segir:

*„Félagasform dótturfélaga Íslandspóstshf. skal vera með þeim hætti að ábyrgð Íslandspóstshf. takmarkist við eiginfjárframlag. Stofnfjármögnun dótturfélags, önnur en eiginfjárframlag, skal vera á kjörum sem eru ekki undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta.*

*Íslandspóstshf. er ekki heimilt að leggja nýtt hlutfé til dótturfélags í samkeppnisrekstri í því skyni að fjármagna taprekstur nema sýnt sé fram á með trúverðugri viðskiptaáætlun að hlutfjárraukningin sé liður í arðbærri uppbyggingu viðkomandi félags, sbr. 2. mgr. 9.4. gr.*

*Íslandspóstshf. er óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Skulu kjör áður veittra lána Íslandspóstshf. til dótturfélaga endurskoðuð með hliðsjón af þessu ákvæði.*

*Íslandspóstshf. skal vera óheimilt að vera í ábyrgð fyrir lánnum sem dótturfélög taka.*

*Óheimilt skal vera að setja eignir Íslandspóstshf. (móðurfélags) eða systurfélaga dótturfélags Íslandspóstshf. að veði fyrir lánnum sem dótturfélag tekur.“*

Þá er í kvörtuninni vísað til þess, að á bls. 70 í ákvörðuninni segi um 3. mgr. gr. 9.2: „Tilgangur þessa ákvæðis er sá að vinna gegn því að möguleg vildarkjör móðurfélags til samkeppniseininga í dótturfélögum geti falið í sér niðurgreiðslu til samkeppnisstarfsemi“.

Í kvörtuninni segir að ePóstur sé dótturfélag ÍP, sem sinni rafrænni pósthjónustu. Forstjóri ÍP hafi staðfest opinberlega að kostnaður vegna ePóstshf. sé færður á samkeppnisrekstur utan

alþjónustu í bókhaldi samstæðunnar. Samkvæmt ársreikningi ePósts fyrir árið 2017 hafi félagið skuldað móðurfélaginu (ÍP) kr. 283.769.560,-. Vaxtagjöld ePósts hafi samkvæmt sama ársreikningi numið kr. 5.547,- árið 2017. Vaxtagjöldin, séu þau yfirleitt til komin vegna lánsins frá móðurfélaginu, séu í hrópandi ósamræmi við þá vexti sem sambærileg fyrirtæki greiði á lánsfjármarkaði.

Þá kveður kvartandi að draga megi í efa að rétt lánsfjárhæð sé færð í ársreikningi ePósts. Á bls. 65 í sáttinni segi að LRAIC-kostnaðarlíkanið innifeli sértækan fastan kostnað sem fallið hafi til við starfsrækslu viðkomandi samkeppnisþáttar, þótt hann hafi fallið til í fortíðinni. Að réttu ætti því að reikna vexti vegna ársins 2017 af muni hærri fjárhæð en kr. 283 milljónum, þar sem bæta hefði átt uppsöfnuðum vöxtum við höfuðstólinn.

Kvartandi telur að hér sé um að ræða skýrt brot gegn 3. mgr. í 9.2. gr. sáttarinnar, þar sem fram komi að ÍP sé óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóti. Eigi það jafnt við um lán sem veitt séu eftir gerð sáttarinnar og þau lán sem veitt hafi verið áður. Þá telji kvartandi augljóst að engin endurskoðun hafi farið fram á þeim kjörum sem ÍP hafi veitt ePósti áður en sáttin hafi verið undirrituð, sem sé þvert gegn fyrimælum sáttarinnar, sbr. grein 9.2 í sáttinni.

Kvartandi beinir því til nefndarinnar að taka framangreint lán til skoðunar með tilliti til ákvæða sáttarinnar. Þá fer kvartandi fram á að lán ÍP til annarra dótturfélaga sinna verði skoðuð með sama hætti og lagt mat á hvort um fleiri brot á sáttinni sé að ræða.

Nefndin sendi kvörtunina til ÍP til umsagnar og athugasemda þann 16. október 2018. Í erindi nefndarinnar til ÍP óskaði nefndin auk þess sérstaklega eftir því að ÍP veitti nefndinni eftirfarandi gögn og upplýsingar:

1. Afrit af lánsamningi varðandi framangreint lán ÍP til ePósts ehf.
2. Upplýsingar um hvort ÍP hefur innheimt vexti úr hendi ePósts ehf. vegna lánsins, og þá hversu háa og á hvaða tímabili.
3. Upplýsingar um hvenær ePóstur ehf. hafði síðast tekjur frá öðrum aðilum en ÍP.
4. Upplýsingar um önnur lán ÍP til dótturfélaga sinna ásamt upplýsingum um fjárhæðir og lánskjör, þ.m.t. vaxtagreiðslur og gjalddaga.

Athugasemdir ÍP, dags. 23. október 2018, bárust nefndinni með tölvupósti þann 24. október 2018. Í svari og athugasemdum ÍP um tölulið 1 í framangreindri beiðni nefndarinnar sagði að meðal skulda ePósts ehf. væri bókuð skuld við móðurfélagið, ÍP, sem numið hefði kr. 283,8 milljónum í árslok 2017. Viðskiptastaða þessi hefði myndast frá árinu 2009, þegar verkefnið um „Möppuna“ hefði hafist, en á árinu 2012 hefði verið stofnað um það sérstakt félag, ePóstur. Verkefnið hefði verið þróunarverkefni ÍP og verið fjármagnað af félaginu á þróunartímabilinu. Ekki hafi verið gerður sérstakur lánasamningur um viðskiptastöðuna.

Í svari og athugasemdum ÍP um tölulið 2 í framangreindri beiðni nefndarinnar sagði að á árinu 2017 hafi legið fyrir ákvörðun um að sameina ePóst og ÍP. Sú sameiningarvinna hafi staðið yfir þegar svör ÍP bárust nefndinni, fyrri hluta hennar væri lokið og stefnt væri að því að ljúka sameiningunni að fullu á næstu vikum þar á eftir. Þar sem sameiningin hafði verið ákveðin á árinu 2017 hafi ÍP ekki þótt efni til að byrja á því ári að reikna vexti á viðskiptastöður félaganna, en það hafi ekki verið gert fram að því.

Í svari og athugasemdum ÍP um tölulið 3 í framangreindri beiðni nefndarinnar sagði að í júní árið 2017 hafi síðast verið bókaðar tekjur að fjárhæð kr. 8.905,- hjá ePósti vegna annarra aðila en ÍP eða tengdra félaga.

Óskað var eftir því af hálfu ÍP að farið yrði með svör ÍP varðandi lið 4 í framangreindri beiðni nefndarinnar sem trúnaðarmál. Við því var orðið af hálfu nefndarinnar.

Í svörum ÍP kom einnig fram að ÍP teldi að framangreint fyrirkomulag hefði ekki á neinn hátt orðið til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi, þar sem hugbúnaður og verkefni það sem sinnt var af ePósti hafi í raun aldrei náð þeirri stöðu að vera rekið í virkri samkeppni við sambærilega starfsemi. Verkefnið hafi falist í utanumhaldi og þróun á hugbúnaði, sem upphaflega hafi verið keyptur af Canada Post, meðal annars í því skyni að bjóða upp á rafrænar sendingar undir heitinu „Mappan“. Hugbúnaðurinn hafi verið staðfærður og þróaður í þágu ÍP, þar sem hann hafi nýst sem grunnur að samskiptakerfi ÍP við viðskiptavinum sína.

Með bréfi ÍP til nefndarinnar fylgdi jafnframt bréf ÍP til nefndarinnar um sameiningu ePósts og ÍP, dags. 15. október 2018, sem og fylgiskjal með því bréfi, þar sem fjallað er um forsögu og starfsemi ePósts/Möppunnar, dags. 24. nóvember 2017. Í framangreindu bréfi ÍP, dags. 15. október 2018, þar sem óskað var eftir afstöðu nefndarinnar til samruna ePósts og ÍP, var vísað til fylgiskjalsins, dags. 24. nóvember 2017, en óskað eftir því að farið yrði með efni fylgiskjalsins sem trúnaðarmál. Í bréfi ÍP, dags. 15. október 2018, segir að upphaflegur tilgangur ePósts, þ.e. að selja rafrænar birtingar skjala, hafi ekki gengið eftir og þróun tölvukerfis í eigu ePósts sé öll í þágu ÍP. Því sé samkeppnisleg þýðing ePósts ekki lengur fyrir hendi. Sameiningin hafi verið samþykkt á fundi stjórnar ÍP þann 25. júní 2018.

Þá segir í bréfi ÍP, dags. 15. október 2018, að í samræmi við ákvæði gr. 9 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins muni ÍP leita samþykkis Samkeppniseftirlitsins áður en rekstur ePósts verði færður inn í ÍP og dótturfélagið lagt niður. Þá vísar ÍP í bréfinu til gr. 9.5 í sáttinni, þar sem segir að ef dótturfélög ÍP, sem ekki sinni pósttengdri starfsemi, eru rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum, skuli leggja starfsemina niður eða selja hana frá ÍP. Þá sé í kafla 4.9 á bls. 72 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með sáttinni fjallað um viðbrögð við taprekstri dótturfélaga. Það sé álit ÍP að með fyrirhugaðri ráðstöfun, um sameiningu félaganna og nýtingu eigna ePósts í þágu ÍP, sé markmiðum sáttarinnar um viðbrögð við taprekstri innan dótturfélaga náð, auk þess sem samkeppnisleg þýðing ePósts sé ekki lengur fyrir hendi.

Framangreindar athugasemdir ÍP voru sendar til kvartanda til umsagnar og athugasemda með tölvupósti þann 30. nóvember 2018. Athugasemdir kvartanda við athugasemdum ÍP bárust nefndinni með bréfi, dags. 14. desember 2018. Í athugasemdum kvartanda var meðal annars vísað til nýs erindis kvartanda til nefndarinnar, dags. 29. nóvember 2018, þar sem óskað var eftir því að nefndin tæki til skoðunar hvort ÍP stefndi að því að færa starfsemi ePósts úr dótturfélagi þvert á skilmála sáttar ÍP við Samkeppniseftirlitið, sbr. og 9. gr. fyrirbyggjandi sáttar, og þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir því lægi fyrir. Í bréfi kvartanda, dags. 14. desember 2018, er jafnframt vísað til gr. 9 og 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins. Þá er í bréfinu vísað til þess að sáttin hafi verið gerð í febrúar 2017 og að í 9. gr. sáttarinnar komi skýrt fram að ákveðin starfsemi ÍP skuli rekin í dótturfélögum, þar á meðal ePóstur. Sé ætlunin að færa rekstur inn í móðurfélagið þurfi ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Í sáttinni sé enn fremur kveðið á um að lán til dótturfélaga skuli bera markaðsvexti.

Í bréfi kvartanda, dags. 14. desember 2018, segir enn fremur að í athugasemdum ÍP komi fram að enginn lánsamningur hefi verið gerður vegna láns ÍP til ePósts og að ÍP hafi ekki þótt efni til að byrja að reikna vexti á viðskiptastöður félaganna, þar sem ákvörðun um sameiningu félaganna hafi legið fyrir á árinu 2017 og vextir hafi ekki verið reiknaðir fram að því. Kvartandi kveður einnig að ósamræmis hafi gætt í svari ÍP, dags. 24. október 2018, og bréfi ÍP, dags. 15. október 2018, um hvenær ákvörðun hafi verið tekin um sameiningu ePósts og ÍP en þó sé ljóst að ÍP hafi tekið ákvörðun um sameininguna og hafið vinnu við hana án samþykkis Samkeppniseftirlitsins og án þess að leita fyrst álits nefndarinnar. Með vísan til þess sem fram komi í bréfinu kveðst kvartandi telja óumdeilanlegt að ÍP hafi brotið gegn gr. 9 og 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins.

Athugasemdir kvartanda voru sendar til ÍP til umsagnar og athugasemda þann 16. desember 2018.

Athugasemdir ÍP bárust nefndinni með tölvupósti, dags. 10. janúar 2019. Þar segir meðal annars varðandi afskráningu ePósts og sátt ÍP við Samkeppniseftirlitið, að ljóst hafi verið vegna fyrirhugaðra ákvæða í sáttinni að komið gæti til þess að leggja þyrfti niður einkahlutafélagið ePóst. Forsendur sem þar hafi búið að baki hafi verið kynntar sérstaklega í samskiptum við Samkeppniseftirlitið. Í greinargerð til Samkeppniseftirlitsins og nefndarinnar, dags. 5. janúar 2018, hafi verið gerð grein fyrir því að vinna við að sameina ePóst og ÍP myndi hefjast þegar ársreikningar félaganna lægju fyrir vegna ársins 2017. Í erindi til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, hafi verið upplýst að stjórn ÍP hefði tekið ákvörðun um að sameina félögin. Samrunaáætlun hafi verið gerð og undirrituð 25. júní 2018 og unnið hafi verið eftir henni í samræmi við þá tímafresti, sem reglur þar um gerðu ráð fyrir.

Varðandi skráningu á samruna félaganna hjá fyrirtækjaskrá og afskráningu ePósts þann 13. desember 2018 kvaðst ÍP vilja að fram kæmi að þegar samruni hafi verið staðfestur í stjórnnum

félaganna þann 29. október 2018 hafi frestur til að tilkynna samrunann til fyrirtækjaskrár verið einn mánuður, en ella myndi samruninn falla niður. ÍP hafi þannig staðið frammi fyrir því að fylgja samrunaáætluninni eftir og tilkynna samrunann til fyrirtækjaskrár innan tímamarkanna eða að láta hann falla niður, fylgja ekki eftir þeim áformum, sem kynnt hafi verið í greinargerð ÍP til Samkeppniseftirlitsins og nefndarinnar þann 5. janúar 2018, og fresta samrunanum fram á árið 2019. Það hefði að sögn ÍP leitt til þess að ÍP hefði ekki fylgt eftir yfirlýsingum í hinni tilvitnuðu greinargerð auk þess sem það hefði stangast á við markmið ákvæða gr. 9.5. í sátt fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið, sem fjalli um taprekstur dótturfélaga. Fyrri leiðin hafi verið farin í þeirri stöðu sem uppi var, þar sem sá möguleiki hafi verið talinn fyrir hendi að skrá ePóst á ný sem einkahlutafélag, ef svo ólíklega vildi til að eftirlitsaðilar teldu ekki forsendur fyrir samruna ÍP og ePósts.

Þá er í athugasemdum ÍP að finna eftirfarandi samantekt dagsetninga sem varða samruna ÍP og ePósts (tekin hér upp óbreytt frá ÍP):

- *Uppgjörsgdagur 01.01.18. - Frestur til þess að útbúa samrunaáætlun og undirrita hana er 6 mánuðir frá uppgjörsgdegi (30.6.2018). Samrunaáætlun Íslandspósts ohf. og ePósts ehf. var undirrituð 25.6.2018.*
- *18.07.18. - Tilkynnt var um undirritaða samrunaáætlun til fyrirtækjaskrár. Frestur til þess að tilkynna um undirritaða samrunaáætlun er einn mánuður frá undirritun eða til 25.7.2018.*
- *22.08.18. - Auglýsing um fyrirhugaðan samruna birtist í Lögbirtingablaði.*
- *29.10.18. - Samruni var staðfestur innan lögboðins frests frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði. Frestur til að staðfesta samruna er í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði (22.9.2018) og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir birtingu auglýsingar (22.12.2018).*
- *21.11.18. - Tilkynnt um staðfestan samruna til fyrirtækjaskrár. Frestur til að tilkynna um staðfestingu samruna til fyrirtækjaskrár er einn mánuður frá undirritun skjala (29.11.2018).*
- *13.12.18. – Samruni félaganna skráður hjá fyrirtækjaskrá og ePóstur ehf. afskráð úr fyrirtækjaskrá.*

Málið var tekið til afgreiðslu nefndarinnar í kjölfar funda hennar þann 10. og 17. janúar 2019.

Af hálfu nefndarinnar var óskað eftir því að ÍP sendi nefndinni ársreikninga ePósts vegna rekstraráranna 2015 til og með 2018. ÍP afhenti nefndinni ársreikninga ePósts vegna rekstraráranna 2015 til og með 2017, en af hálfu ÍP var tekið fram að vegna sameiningar ÍP og ePósts væri ekki gert ráð fyrir að gerður yrði sérstakur ársreikningur fyrir ePóst vegna ársins 2018.

Í kjölfar framangreindrar gagnaöflunar og umfjöllunar nefndarinnar um málið, sbr. nánari umfjöllun í kafla II. hér á eftir, taldi nefndin að sterkar vísbendingar væru uppi um að ÍP hefði

brotið gegn ákvæðum 3. mgr. greinar 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins með því að veita ePósti lán án þess að samið væri um eða höfð uppi krafa um greiðslu vaxta af lánsfjárhæðinni eftir að sáttin var gerð. Með vísan til 1. mgr. 11. gr. verklagsreglna nefndarinnar veitti nefndin ÍP frest til að tjá sig þar að lútandi.

Athugasemdir bárust frá lögmanni ÍP vegna þess þann 30. janúar 2019. Helstu efnisatriði athugasemdanna voru eftirfarandi:

- ÍP telur fyrirhugaða ályktun nefndarinnar ganga lengra en tilefni sé til, að minnst kosti á þessu stigi málsins. Í því sambandi vísaði ÍP til forsögu og forsendna sáttarinnar, tilgangs hennar og þess sem þá hafi legið fyrir um rekstur dótturfélags.
- ÍP telur að nefndinni sé ekki fært, án þess að tekið sé mið af öllum aðstæðum varðandi tilurð sáttarinnar, að álykta um brot gegn ákvæðum sáttarinnar, en ÍP telur að eðlilegt að afstaða til slíks sé, eins og hér standi á, á hendi Samkeppniseftirlitsins en ekki nefndarinnar. Umrædd ályktun nefndarinnar sé afar íþyngjandi sem slík og án nægjanlegs tilefnis, að því er ÍP telur.
- ÍP vísar til erindis ÍP til Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. janúar 2019, í tilefni af fyrirspurn um afskráningu ePósts úr fyrirtækjaskrá. Eins og þar komi fram telji ÍP að fyrir hafi legið frá gerð sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið að starfsemi ePósts yrði endanlega aflögð og hafi ePóstur á því tímamarki hætt nánast allri starfsemi sinni á samkeppnismarkaði.
- ÍP vísar til skýrslu KPMG, dags. 24. janúar 2019, sem fylgt hafi erindi ÍP til Samkeppniseftirlitsins, þar sem fram komi að tekjur, sem rekja mætti til annarra viðskipta en við eða beinlínis fyrir ÍP sjálfan, hafi verið taldar í nokkrum tugum þúsunda [væntanlega króna – innsk. nefndar] á árinu 2017 og hafi verið óverulegar á árunum 2014-2016. Fyrir liggir að ein megin ástæða þess að ePósti hafi ekki verið slitið við gerð sáttarinnar hafi verið af skattalegum toga.
- Í tilefni af boðaðri ályktun nefndarinnar kveðst ÍP vilja koma eftirfarandi á framfæri um leið og ÍP beinir því til nefndarinnar að taka til endurmats ályktun sína um „sterkar vísendingar“ um brot á sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins:
  - o Í fyrsta lagi vísar ÍP til umfjöllunar í sátt ÍP við Samkeppniseftirlitið um starfsemi sem reka skyldi í dótturfélögum. ÍP kveður áskilnað í 9. gr. sáttarinnar um að starfsemi sé í dótturfélagi eigi eingöngu við um starfsemi sem hafi verið óskyld rekstri móðurfélagsins. Af því leiði að áskilnaður um að ePóstur skyldi rekinn í dótturfélagi hafi eingöngu átt við ef starfsemi þar teldist til „óskyldrar háttsemi“. Hins vegar hafi nánast öll starfsemi sem ePóstur annaðist á því tímamarki verið orðin tengd starfsemi ÍP, en ekki sjálfstæð.

Í niðurlagi 9. gr. sáttarinnar segi jafnframt, framangreindu til samræmis, að „[e]ftirfarandi reglur gilda um þá starfsemi sem skilgrein hefur verið skv. þessari grein og reka skal í dótturfélagi“. Að sönnu hafi ePóstur verið dótturfélag ÍP við gerð sáttarinnar og því á lista 3. mgr. 9. gr. sáttarinnar, en hvorki á því tímamarki né síðar hafi starfsemi ePósts talist falla undir þá starfsemi sem reka bar í dótturfélagi í skilningi þess meginviðhorfs sem fram komi í inngangi 9. gr. sáttarinnar.

- Í öðru lagi kveðst ÍP ekki hafa veitt ePósti nein lán eftir gerð sáttarinnar. Telur ÍP að deila megi um hvort hér teljist hafa verið um lán að ræða í þeim skilningi sem leggja beri í þá ráðstöfun, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 181/2006. Skuld ePósts sé að rekja til þróunarverkefnis, sem ePósti hafi verið ætlað að sinna, en á árinu 2015 hafi legið fyrir að verkefnið gengi ekki eftir, hvorki rekstrarlega né fjárhagslega. Það hafi legið fyrir við gerð sáttarinnar, sbr. meðal annars með tölvubréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 9. janúar 2017. Þá hafi legið fyrir að ePóstur gæti ekki endurgreitt fjármögnun á stofnkostnaði og að móðurfélagið myndi þurfa að taka skuldbindinguna yfir, enda eini kröfuhafi félagsins.

Í gr. 9.2 í sáttinni sé kveðið á um að ÍP sé óheimilt að veita dótturfyrirtækjum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem „sambærileg fyrirtæki njóti“. Í því sambandi beri að líta til stöðu ePósts sem dótturfyrirtækis í skilningi sáttarinnar og til þess að ákvæði sáttarinnar um veitingu lána hafi tekið til lána til „sambærilegra fyrirtækja“. ÍP telur að varðandi síðast nefnda atriði verði að líta til þess hvernig háttáð er almennt kjörum á „lánveitingum“ til fyrirtækja sem séu í raun hætt starfsemi og fyrir liggja að verði aflögð, að minnsta kosti í þeirri mynd sem hér skipti máli.

Af hálfu ÍP segir að nefndinni beri, áður en ályktun sé dregin um að „sterkar vísbendingar“ séu um brot á sáttinni, að gera grein fyrir hvernig vaxtakjörum „sambærilegra fyrirtækja“ sé almennt háttáð. Í því sambandi vísar ÍP til samantektar KPMG, dags. 24. janúar 2019, varðandi uppgjorslega þýðingu á vaxtafærslum í uppgjöri samstæðu ÍP.

- Í þriðja lagi telur ÍP að þrátt fyrir að vaxtareikningur hafi engin áhrif á verðlagningu þjónustu í samkeppni hafi ÍP þegar látið vaxtareikna viðskiptastöðu ePósts miðað við árslok 2017, sbr. áðurnefnda skýrslu KPMG. Þannig hafi verið bókaðir vextir að fjárhæð kr. 34,1 milljón og færðir til bókar þann 1. janúar 2018.
- Í bréfi ÍP til Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. janúar 2019, sem er svar við bréfi Samkeppniseftirlitsins til ÍP, dags. 4. janúar 2019, kemur ÍP á framfæri athugasemdum

og skýringum í tengslum við sameiningu ÍP og ePósts, sem framkvæmd var á árinu 2018. Í bréfinu kemur meðal annars eftirfarandi fram:

- Í greinargerð ÍP um innleiðingu sáttarinnar, sem send hafi verið Samkeppniseftirlitinu þann 5. janúar 2018, hafi komið fram að fyrirhugað væri að sameina ePóst og ÍP og að vinna við sameiningu myndi hefjast þegar ársreikningar félaganna lægju fyrir vegna ársins 2017.
- Í bréfi ÍP til nefndarinnar um framkvæmd sáttarinnar, dags. 15. október 2018, hafi komið fram að tilkynnt sameining félaganna hefði verið samþykkt af stjórn ÍP þann 25. júní 2018.
- Einkahlutafélagið ePóstur hafi verið sameinað ÍP árið 2018 og hafi samruninn miðast reikningslega við 1. janúar 2018. Fyrirtækjaskrá hafi afskráð félagið úr fyrirtækjaskrá þann 13. desember 2018.
- Af hálfu ÍP eru rakin atriði varðandi starfsemi ePósts, upphaf hennar og lok. Þar segir meðal annars að á árinu 2015 hafi verið ákveðið að færa innri starfsemi ePósts yfir til ÍP, þ.e. forritarar, sem unnið hafi við þróun hugbúnaðarins fyrir ePóst, hafi orðið starfsmenn, enda hafi engin þróunarvinna verið unnin nema í þágu ÍP. Sölustarfsemi á vegum ePósts hafi þá jafnframt að meginstefnu til verið hætt. Framkvæmdastjóri ePósts hafi haldið 10% starfshlutfalli hjá ePósti, en hafi starfað annars sem forstöðumaður hugbúnaðarþróunar ÍP. Einn annars starfsmaður hafi verið eftir hjá ePósti, í 30% starfi, vegna verkefnis sem unnið hafi verið fyrir Gagnageymsluna, dótturfyrirtæki ÍP. Af hálfu ÍP er talið að Samkeppniseftirlitið hafi verið upplýst um framangreinda þróun og stöðu ePósts og að fyrirhugað hafi verið að leggja fyrirtækið niður, enda ræki það í raun þá ekki lengur neina starfsemi í samkeppni við aðra. Dótturfélagið ePóstur hafi hins vegar ekki verið lagt niður um sinn, einkum vegna skattalegra ástæðna.
- Formleg afstaða nefndarinnar til sameiningar ePósts og ÍP hafi ekki legið fyrir þegar ePóstur var afskráður. Þá hafi samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir því að „færa reksturinn inn í móðurfélagið“ ekki legið fyrir. Er það harmað af hálfu ÍP. Á hinn bóginn telur ÍP að líta megi svo á, að þær breytingar sem vísað er til í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar, þ.e. breytingar á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags, hafi í raun átt sér stað löngu fyrir gerð sáttarinnar. Sá áskilnaður, sem gerður sé þar varðandi fyrirliggjandi afstöðu nefndarinnar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins hafi eftir atvikum ekki átt við um ePóst vegna þess að félagið teldist vart hafa rekið samkeppnisstarfsemi við gerð sáttarinnar og engin breyting hafi orðið á því eftir gerð sáttarinnar. Hins vegar kveður ÍP að rétt hefði verið að leita eftir formlegri staðfestingu fyrirfram.



- ÍP vísar til samantektar KPMG vegna ePósts og kveður að á árinu 2016 hafi tekjur af Möppunni, þ.e. tekjur sem ekki tengdust þjónustu við ÍP, þ.e. skönnunarþjónustu, hafi einungis numið kr. 171.500. Þá hafi slíkar tekjur á árinu 2017 numið kr. 48.735. Að því er varði svokallaða skönnunarþjónustu hafi hún verið reikningsfærð á vegum ePósts en framkvæmd af starfsmanni ÍP á grundvelli samstarfssamnings aðila.

## II. Umfjöllun nefndarinnar

Upphaflegt erindi kvartanda, dags. 12. október 2018, laut einungis að lánveitingu ÍP til dótturfélags síns, ePósts, og hvort með henni væri brotið gegn ákvæðum gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins. Niðurstaða nefndarinnar í máli þessu lýtur einungis að þeirri kvörtun.

Í síðari athugasemdum kvartanda og í athugasemdum ÍP varðandi málið er hins vegar einnig að finna umfjöllun um sameiningu ÍP og ePósts. Þar sem erindi ÍP til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, og kvartanir kvartanda, dags. 29. nóvember og 21. desember 2018, þar að lútandi eru til umfjöllunar í sjálfstæðum málum mun nefndin fjalla um sameininguna í þeim málum, en ekki sérstaklega í því máli sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu kvartanda er á því byggt í málinu að með lánveitingu ÍP til ePósts, sem numið hafi kr. 283.769.560,- í árslok 2017, hafi ÍP brotið gegn 3. mgr. gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins, þar sem ÍP hafi ekki innheimt vaxtagjöld af láninu. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna ársins 2017 hafi vaxtagjöld félagsins numið kr. 5.547,- það ár. Vaxtagjöldin af láninu, þ.e. ef umrædd vaxtagjöld hafi yfirleitt verið til komin vegna lánsins frá móðurfélaginu, séu því í hrópandi ósamræmi við þá vexti sem sambærileg fyrirtæki greiði á lánsfjármarkaði.

Svo sem áður er komið fram hefur ÍP staðfest í svörum til nefndarinnar að meðal skulda ePósts ehf. hefði verið bókuð skuld við móðurfélagið, ÍP, sem numið hefði kr. 283,8 milljónum í árslok 2017. Að sögn ÍP hefði viðskiptastaða þessi myndast frá árinu 2009, þegar verkefnið um Möppuna hefði hafist, en á árinu 2012 hefði verið stofnað um það sérstakt félag, ePóstur ehf. Verkefnið hafi verið þróunarverkefni ÍP og verið fjármagnað af félaginu á þróunartímabilinu. Var jafnframt staðfest af hálfu ÍP að ekki hafi verið gerður sérstakur lánsamningur um viðskiptastöðuna.

Í andsvörum ÍP segir meðal annars, að ÍP telji að framangreint fyrirkomulag hafi ekki á neinn hátt orðið til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi þar sem hugbúnaður og verkefni það sem sinnt hafi verið af ePósti hafi í raun aldrei náð þeirri stöðu að vera rekið í virkri samkeppni við sambærilega starfsemi. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og lýsingu á starfsemi ePósts telur nefndin engu að síður að leggja verði til grundvallar að í henni hafi falist samkeppnisrekstur, eða í það minnsta að ePósti hafi verið ætlað að starfa í samkeppnisrekstri,

hvað sem síðar varð. Í því sambandi má nefna, að út frá fyrirbyggjandi gögnum virðist sem ePóstur hafi haft afar takmarkaða samkeppnislega þýðingu frá og með árinu 2017.

Í svörum ÍP til nefndarinnar kom einnig fram að á árinu 2017 hafi legið fyrir ákvörðun um að sameina ePóst og ÍP. Að sögn ÍP hafi sú sameiningarvinna staðið yfir þegar svör ÍP bárust nefndinni, fyrri hluta vinnunnar hafi þá verið lokið og að stefnt væri að því að ljúka sameiningunni að fullu á næstu vikum þar á eftir. Þar sem sameining hefði verið ákveðin á árinu 2017 hafi ÍP ekki þótt efni til að byrja á því ári að reikna vexti á viðskiptastöður félaganna á því ári en það hafi ekki verið gert fram að því.

Í gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins segir meðal annars undir fyrirsögninni „Félagaform og fjármögnun dótturfélaga“:

*„Félagaform dótturfélaga Íslandspósts skal vera með þeim hætti að ábyrgð Íslandspósts takmarkist við eiginfjárframlag. Stofnfjármögnun dótturfélags, önnur en eiginfjárframlag, skal vera á kjörum sem eru ekki undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta.*

*Íslandspósti er ekki heimilt að leggja nýtt hlutafé til dótturfélags í samkeppnisrekstri í því skyni að fjármagna taprekstur nema sýnt sé fram á með trúverðugri viðskiptaáætlun að hlutafjáraukningin sé liður í arðbærri uppbyggingu viðkomandi félags, sbr. 2. mgr. 9.4. gr.*

*Íslandspósti er óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Skulu kjör áður veittra lána Íslandspósts til dótturfélaga endurskoðuð með hliðsjón af þessu ákvæði.“*

Á bls. 70 (í kafla 4.3) í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins er fjallað um efni gr. 9.2. Þar segir meðal annars:

*„Í greininni er áréttað að félagaform dótturfélaga Íslandspósts skuli vera með þeim hætti að ábyrgð Íslandspósts takmarkist við eiginfjárframlag og jafnframt að stofnfjármögnun dótturfélags, önnur en eiginfjárframlag, skuli vera á kjörum sem eru ekki undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Með þessu er unnið gegn því að dótturfélögin fái notið óbeinnar ábyrgðar móðurfélagsins á starfsemi sinni á grundvelli félagaforms en í því gæti falist ígildi niðurgreiðslu til samkeppnisstarfsemi vegna hagstæðari kjara sem dótturfélögin gætu þá mögulega notið umfram kjör sem keppinautar þeirra kunna að njóta. Hliðstæð rök eru fyrir því að Íslandspósti er með greininni einnig gert óheimilt að vera í ábyrgð fyrir lánnum sem dótturfélög taka og óheimilt að setja eignir móðurfélags eða systurfélaga dótturfélags Íslandspósts að veði fyrir lánnum sem dótturfélag tekur.*

[...]

*Þá er kveðið á um það að Íslandspósti sé óheimilt að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Einnig er*

*innleidd sú kvöð að endurskoða kjör áður veittra lána Íslandspósts til dótturfélaga með hliðsjón af þessu ákvæði. Tilgangur þessa ákvæðis er sá að að vinna gegn því að möguleg vildarkjör móðurfélags til samkeppniseininga í dótturfélögum geti falið í sér niðurgreiðslu til samkeppnisstarfsemi.“*

Nefndin telur að með framangreindum ákvæðum og umfjöllun í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins sé með nægjanlega skýrum hætti kveðið á um að óheimilt sé af hálfu ÍP að veita dótturfélögum sínum lán á kjörum sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta. Ekki verður séð að ÍP njóti samkvæmt ákvæðum sáttarinnar eða ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 heimildar til að víkja frá þeim ákvæðum í þeim tilvikum þegar fyrirhugað er að sameina ÍP og viðkomandi dótturfélag eða leggja starfsemi viðkomandi dótturfélags niður.

Nefndin telur ekki unnt að fallast á það með ÍP að ákvæði gr. 9.2. í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins eigi ekki við í málinu, þar sem starfsemi ePósts hafi ekki fallið undir þá starfsemi, sem reka bar í dótturfélagi samkvæmt inngangi 9. gr. sáttarinnar. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. sáttarinnar skyldi starfsemi ePósts rekin í aðskildu dótturfélagi. Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. sáttarinnar skyldu þær reglur, sem þar koma á eftir, þar á meðal ákvæði gr. 9.2, gilda um starfsemi ePósts og aðra þá starfsemi, sem skilgreind hafði verið í 9. gr. sáttarinnar. Að mati nefndarinnar taka ákvæði gr. 9.2 í sáttinni því til starfsemi ePósts og fjármögnunar þess félags.

Eins og áður greinir kemur fram í svari og athugasemdum ÍP að umrædd skuld ePósts við ÍP, sem numið hefði kr. 283,8 milljónum í árslok 2017, væri vegna viðskiptastöðu sem myndast hefði frá árinu 2009, þegar verkefnið um „Möppuna“ hefði hafist, en að á árinu 2012 hefði verið stofnað um það sérstakt félag, ePóstur. Verkefnið hefði verið þróunarverkefni ÍP og verið fjármagnað af félaginu á þróunartímabilinu. Að sögn ÍP var ekki gerður sérstakur lánsamningur um viðskiptastöðuna. Þá hefur ÍP haldið því fram að deila megi um hvort hér teljist hafa verið um lán að ræða í þeim skilningi sem leggja beri í þá ráðstöfun. Í því sambandi hefur ÍP til hliðsjónar vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 181/2006.

Að mati nefndarinnar tekur gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins til framangreindrar fyrirgreiðslu ÍP til ePósts, þrátt fyrir að fyrirgreiðslan hafi verið í formi viðskiptastöðu en ekki beins láns samkvæmt lánsamningi. Í því sambandi telur nefndin að horfa megi til efnis gr. 9.2 í sáttinni í heild, en nefndin telur að með ákvæðinu hafi ætlun aðila verið að koma í veg fyrir að ÍP fjármagnaði þau dótturfélög sín, sem greinin tekur til, á kjörum sem væru undir þeim markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki nytu. Þá telur nefndin að með viðskiptastöðu ÍP hjá ePósti hafi í bókhaldslegum skilningi verið uppi gagnkvæmur skilningur ÍP og ePósts, og í raun áskilnaður af hálfu ÍP, um að ÍP ætti kröfu um að fá umrædda fjármuni endurgreidda. Telur nefndin því að með þeirri viðskiptastöðu, sem varð til milli ÍP og ePósts og sem fól í sér langtímafjármögnun ÍP ePósti til handa, hafi ePósti í reynd verið veitt lán í skilningi gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins.

Það vekur athygli nefndarinnar að samkvæmt upplýsingum frá ÍP, sem gerð er grein fyrir hér að framan, mun ÍP hafa látið vaxtareikna viðskiptastöðu ePósts miðað við árslok 2017 og þannig hafi verið bókaði vextir að fjárhæð kr. 34,1 milljón og færðir til bókar þann 1. janúar 2018. Samkvæmt upplýsingum frá ÍP mun sú ákvörðun hafa verið tekin undir lok árs 2018 og mun útreikningur vaxta hafa verið færður í bækur félaganna þann 29. janúar 2019 miðað við þann 1. janúar 2018.

Nefndin telur ekki að niðurstaða í dómi Hæstaréttar í máli nr. 181/2006 eigi að hafa hér áhrif, enda laut umfjöllun Hæstaréttar í nefndum dómi að skýringu hugtaksins „lán“ í skilningi 1. mgr. 43. gr. eldri laga um ársreikninga nr. 144/1994. Auk þess má hafa hliðsjón af því að í nefndum dómi Hæstaréttar segir um hugtakið „lán“ í framangreindu lagaákvæði: „*Engin efni eru til að þrengja þetta hugtak í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 144/1994 með því að binda það við þau tilvik ein, þar sem lán í þessum skilningi hefur verið veitt með formlegri ráðstöfun eða skilmálar þess hafa verið sérstaklega ákveðnir, enda standa ekki haldbær rök til slíkrar skýringar, sem á sér enga stoð í orðalagi ákvæðisins.*“ Nefndin telur rétt að hafa í huga, að í dómaframkvæmd hafa „lán“ ekki verið talin einskorðast við beina lánveitingu á grundvelli lánsammans.

Kemur þá til skoðunar hvort þau lánskjör, sem ePóstur naut hjá ÍP hafi verið kjör „*sem eru undir markaðskjörum sem sambærileg fyrirtæki njóta*“. Nefndin telur að skilja beri svör ÍP við fyrirspurn nefndarinnar með þeim hætti að ÍP hafi hvorki samið um né gert kröfu um greiðslu vaxta úr hendi ePósts vegna lánsins. Nefndin telur sig hafa undir höndum almennar upplýsingar um þau vaxtakjör sem fyrirtækjum á Íslandi bjóðast, en almennt má telja þau kjör nokkuð há. Þrátt fyrir að almenn vaxtakjör fyrirtækja á Íslandi geti vissulega verið mismunandi eftir atvinnugreinum og öðrum þáttum telur nefndinni ljóst að fyrirtækjum standa almennt ekki vaxtalaus lán til boða. Telur nefndin því, án þess að nánari könnunar sé þörf, að þau vaxtakjör sem ePóstur naut við framangreinda lánstöðu hjá ÍP, hafi verið undir þeim markaðskjörum, sem sambærileg fyrirtæki hafa notið, sbr. 3. mgr. gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins. Nefndin telur þannig sterkar vísbendingar uppi um að ÍP hafi með lánveitingunni til ePósts að formi til brotið gegn ákvæðum þeirrar greinar í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins, í það minnsta fram að þeim tíma er ÍP kveðst hafa hafið vaxtareikning á viðskiptastöðunni, svo sem að framan er getið.

Svo sem fram kemur í andsvörum ÍP við fyrirbyggjandi kvörtun til nefndarinnar og svo sem komið hefur fram í sjálfstæðum málum fyrir nefndinni (sbr. erindi ÍP til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, og kvartanir kvartanda, dags. 29. nóvember og 21. desember 2018, sem til umfjöllunar eru í sjálfstæðum málum), mun samruni ePósts og ÍP hafa verið skráður hjá fyrirtækjaskrá þann 13. desember 2018 og ePóstur afskráður úr fyrirtækjaskrá. Eins og að framan greinir telur nefndin ekki að fyrirhugaður samruni ePósts og ÍP hafi sem slíkur veitt ÍP heimild til að veita ePósti vaxtalaus lán í andstöðu við ákvæði 3. mgr. gr. 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins. Þrátt fyrir það þykir nefndinni rétt að nefna, að í ljósi samruna ePósts og ÍP, ef Samkeppniseftirlitið veitir samþykki sitt fyrir honum, er óvíst hvort fjárhæð vaxtagreiðslna milli ePósts og ÍP hefði haft nokkrar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagin og

þá hverjar. Ekki er hins vegar ástæða til að fjalla nánar um það hér hvort eða hverjar afleiðingar hafi verið af því formlega broti, sem nefndin telur vísbendingar vera uppi um.

Þá er rétt að taka fram, að nefndin telur ekki ástæðu til að draga í efa þær skýringar ÍP að starfsemi ePósts virðist aldrei hafa náð teljandi fótfestu. Þær skýringar fá auk þess nokkra stoð í fyrirliggjandi ársreikningum ePósts, sem nefndin aflaði eins og að framan greinir. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2015 námu rekstrartekjur félagsins það ár kr. 13.007.937,- (en samkvæmt upplýsingum frá KPMG námu tekjur félagsins frá ÍP kr. 9.688.842 það ár), en tap félagsins á árinu nam kr. 29.965.696,-. Þar kemur einnig fram að rekstrartekjur félagsins á árinu 2014 hafi numið kr. 13.980.105,- (en samkvæmt upplýsingum frá KPMG námu tekjur félagsins frá ÍP kr. 12.015.975 það ár), en að tap félagsins á því ári hafi numið kr. 78.978.797,-. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2016 námu rekstrartekjur ePósts kr. 15.334.502,- það ár (en samkvæmt upplýsingum frá KPMG námu tekjur félagsins frá ÍP kr. 11.808.860 það ár), en tap félagsins á árinu nam kr. 20.789.825,-. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2017 námu rekstrartekjur ePósts kr. 10.795.824,- (en samkvæmt upplýsingum frá KPMG námu tekjur félagsins frá ÍP kr. 7.860.528 það ár), en hagnaður félagsins á árinu nam kr. 3.437.685,-. Af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum verður að svo stöddu ekki dregin sérstök ályktun um hvort rekstur ePósts hafi haft teljandi samkeppnislega þýðingu á markaði þó að ætlunin hafi verið að ePóstur starfaði í samkeppnisrekstri. Þó skal hér áréttað, sem áður er nefnt, að út frá fyrirliggjandi gögnum virðist sem ePóstur hafi haft afar takmarkaða samkeppnislega þýðingu frá og með árinu 2017.

Með hliðsjón af upplýsingum og skýringum ÍP um lánveitingar til annarra dótturfélaga ÍP þykja ekki efni til þess af hálfu nefndarinnar að gera athugasemdir þar að lútandi að svo stöddu.

Í ljósi alls framangreinds er niðurstaða nefndarinnar í málinu út frá fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum:

1. Nefndin telur sterkar vísbendingar uppi um að ÍP hafi brotið gegn ákvæðum 3. mgr. greinar 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins með því að veita ePósti lán án þess að samið væri um eða höfð uppi krafa um greiðslu vaxta af lánsfjárhæðinni eftir að sáttin var gerð. Rétt er þó að nefna, að út frá fyrirliggjandi gögnum virðist sem ePóstur hafi haft afar takmarkaða samkeppnislega þýðingu frá og með árinu 2017. Þá skal tekið fram að ÍP hóf vaxtareikning á umræddri viðskiptastöðu þann 29. janúar 2019 miðað við þann 1. janúar 2018.
2. Með hliðsjón af upplýsingum og skýringum ÍP um lánveitingar til annarra dótturfélaga ÍP þykja ekki efni til þess af hálfu nefndarinnar að gera athugasemdir þar að lútandi að svo stöddu.
3. Nefndin mun upplýsa Samkeppniseftirlitið um kvörtunina og niðurstöðu nefndarinnar.

Kvartanda er bent á að honum er unnt, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að bera ágreining sinn og umkvartanir undir Samkeppniseftirlitið og dómstóla eftir almennum reglum uni hann ekki niðurstöðu nefndarinnar.

### III. Niðurstaða

Nefndin telur sterkar vísendingar uppi um að ÍP hafi brotið gegn ákvæðum 3. mgr. greinar 9.2 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins með því að veita ePósti lán án þess að samið væri um eða höfð uppi krafa um greiðslu vaxta af lánsfjárhæðinni eftir að sáttin var gerð. Rétt er þó að nefna, að út frá fyrirbyggjandi gögnum virðist sem ePóstur hafi haft afar takmarkaða samkeppnislega þýðingu frá og með árinu 2017. Þá skal tekið fram að ÍP hóf vaxtareikning á umræddri viðskiptastöðu þann 29. janúar 2019 miðað við þann 1. janúar 2018.


Með hliðsjón af upplýsingum og skýringum ÍP um lánveitingar til annarra dótturfélaga ÍP þykja ekki efni til þess af hálfu nefndarinnar að gera athugasemdir þar að lútandi að svo stöddu.

Nefndin mun upplýsa Samkeppniseftirlitið um kvörtunina og niðurstöðu nefndarinnar.

Reykjavík, 4. mars 2019.

  
Sigrún Traustadóttir

  
Viðar Lúðvíksson  
formaður

  
Tryggvi Þorsteinsson